

# Borgarskipulag og ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 29. október 2021

Erindi: Dr. Harpa Stefansdóttir arkitekt, Ph.D skipulagsfræði.

Associate Professor Urban and Regional Planning, NORWEGIAN UNIVERSITY OF LIFE SCIENCES (NMBU), Faculty of Landscape and Society (LANDSAM) - Department of Urban and Regional Planning [Harpa Stefansdóttir | NMBU](#)

Erindið varðar almenna kynningu á verkefninu:

**“Staðsetning búsetusvæða, athafnavirkni og ferðavenjur”.**

Einnig voru kynntar helstu niðurstöður þess hluta verkefnisins sem birtar hafa verið í eftirfarandi grein:

Næss, P., Stefansdóttir, H., Peters, S., Czepkiewicz, M., & Heinonen, J. (2021). Residential Location and Travel in the Reykjavik Capital Region. *Sustainability*, 13(12), 6714. [Sustainability | Free Full-Text | Residential Location and Travel in the Reykjavik Capital Region \(mdpi.com\)](#)

**Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar á árunum 2015-2019 ásamt fleirum.**

Verkefnið var viðamikið og var unnið samhliða stærri rannsókn í Noregi, við NMBU, með tilviksrannsóknnum í Stavanger og Osló. [Where and how should we build our homes? – Residential location, activity participation and travel behavior \(RESACTRA\) | NMBU](#)

Að verkefninu komu, auk Hörpu Stefánsdóttur verkefnisstjóra verkefnisins á Íslandi, Petter Næss prófessor og verkefnisstjóri norska verkefnisins og höfundur rannsóknaraðferðarinnar, Jukka Heinonen prófessor við HÍ og formlegur samstarfsaðili verkefnisins á Íslandi auk Sebastians Peters dósents við NMBU. Að úrvinnslu gagna og skrifa við greinar komu einnig Dr. Michał Czepkiewicz fræðimaður við HÍ og Poznan háskóla í Póllandi. Fleiri aðilar komu að verkefninu, en þar má helst nefna Hildi Hafbergsdóttur sem vann meistarasaritgerð byggða á rannsóknargögnunum.

Heiti verkefnisins vísar til markmiða þess um að skoða hvernig staðsetning og eiginleikar byggðs umhverfis í íbúðahverfum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. byggðamynstur, hefur áhrif á ferðahegðun íbúa, athafnamynstur, hreyfingu og notkun grænna svæða. Verkefnið veitir mikilvæga innsýn inn í þætti er varða **grundvallaratriði í skipulagi þéttbýlis** og til umræðu um **“sambættingu byggðar og samgangna”**, **“þéttingu byggðar”** og **“grænar borgir”** sem módel fyrir sjálfbæra þróun.

Með tilviksrannókninni á höfuðborgarsvæðinu fólst einstakt tækifæri til að nýta samlegðaráhrifin við framkvæmd norska verkefnisins, m.a. varðandi vinnuframlag tengt uppbyggingu rannsóknaraðferðarinnar og til þess gera samanburð við norsku borgirnar. Skoðað var að hvaða marki aðstæður í öðrum borgum, m.a. þeim norsku, eru sambærilegar við okkar, að hvaða leiti þær eru ólíkar og hvers megi vænta á höfuðborgarsvæðinu ef farnar eru sambærilegar leiðir varðandi uppbyggingu íbúðasvæða og við að efla umhverfisvæna samgöngumáta og hreyfingu, og að hvaða leiti þurfi að fara ólíkar leiðir.

Umfjöllun um greinina sem var kynnt á ráðstefnunni og helstu niðurstöður sem þar koma fram birtist á vef Háskóla Íslands 30. September 2021 [Fjarlægð frá miðkjarna höfuðborgarsvæðis ræður mestu um ferðavenjur | Háskóli Íslands \(hi.is\)](#)

Fleiri greinar úr verkefninu bíða birtingar í ritrýndum tímaritum.